

Afl Starfsgreinafélag Austurlands  
Búðareyri 7  
730 Reyðarfirði



Reykjavík, 17. nóvember 2009.

**Efni: Minnisblað um lok mála Zhou De Qing og Yushan Shao og endurgreiðsla lána.**

***Yushan Shao, kt. 060776-2969***

Yushan slasaðist alvarlega við störf þann 10. desember 2006. Yushan er lamaður upp að höndum og er farinn til Kína. Áður en hann fór var framkvæmt örorkumat á honum skv. ákvæðum skaðabótalaga og í kjölfarið gerð krafa um greiðslu skaðabóta á hendur Impregilo SpA. Impregilo SpA hafnaði skaðabótaábyrgð og var rekið mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem kvað upp dóm í júlí s.l. þar sem fallist var á bótaábyrgð Impregilo að fullu. Impregilo kaus að áfrýja málinu ekki og gerði samkomulag við Yushan um uppgjör kröfunnar. Sjúkrasjóður Afls lánaði Yushan 500.000 krónur sem hann notaði til framfærslu þar til hann fékk loks greiðslu frá tryggingarfélagi Impregilo úr slysatryggingu launþega. Hefur það verið endurgreitt sjóðnum.

***Zhou De Qing, kt. 011266-2669***

Zhou slasaðist alvarlega við störf sín við Kárahnjúkastíflu þann 26. nóvember 2006 og fór til Kína í maí 2007. Zhou gekk tók við greiðslu tryggingarbóta úr hendi ítalsks tryggingarfélags Impregilo SpA og var málið sett í bið meðan leyst væri úr því hvort um fullnaðaruppgjör væri að ræða. Þar sem Zhou var ekki búinn að undirgangast örorkumat samkvæmt íslenskum skaðabótalögum hefði hann þurft að koma til Íslands í slíkt mat og í kjölfarið krefja Impregilo um greiðslu. Samhliða uppgjöri á máli Yushan Shao var þrýst á sættir í máli Zhou og náðist að sætta það mál með viðbótargreiðslu frá Impregilo. Sjúkrasjóður Afls lánaði Zhou 200.000 sem hann notaði til framfærslu og hefur það verið endurgreitt sjóðnum.

Að lokum ber að geta þess að Zhou De Qing og Yushan Shao eru mjög hrærðir og þakklátir fyrir þá miklu aðstoð og stuðning sem Afl hefur veitt þeim eftir að þeir lentu í þessum alvarlegu vinnuslysum.

Með kveðju

---

Eva B. Helgadóttir, hrl.